



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Beiðni SSH um aðkomu sveitarfélaganna að þjónustu Vettvangs- og ráðgjafarteymis (VoR-teymis) og mögulegri vetraropnun sérstaks neyðarskýlis

Lagt er til að velferðarsviði verði falið að ganga til samninga við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) vegna beiðni þeirra um aðkomu sveitarfélaganna að þjónustu VoR-teymis og vetraropnunar sérstaks neyðarskýlis. Drög að kostnaðarmetnum samningi verða lögð fyrir fund velferðarráðs.

Greinargerð:

Eftirfarandi erindi, dags. 22. september 2023, barst frá samráðshópi SSH um velferðarmál:

Á fundi samráðshóps um velferðarmál var samþykkt að óska formlega eftir því við velferðarsvið Reykjavíkurborgar að önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu gætu haft aðkomu að VOR-teyminu. Einnig var samþykkt að sveitarfélögin tækju þátt í viðbótarkostnaði opnunar gistiskýlanna sem þörf er á yfir köldustu mánuðina. Óskað er eftir upplýsingum um hugsanlegan kostnað sveitarfélaganna að teymi borgarinnar sem og hvort borgin telji að sveitarfélögin gætu nýtt sér VOR-teymið. Samkvæmt nýútkominni skýrslu voru 76 einstaklingar, í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur, skilgreindir með heimilisleysi, en af þeim höfðu 9 nýtt sér neyðargistingu Reykjavíkurborgar og 19 til viðbótar voru í tímabundnu húsnæði fyrir heimilislausa

Mikilvægt er að fram fari samtal við samráðshóp SSH um velferðarmál um mögulega útfærslu á aðkomu sveitarfélaganna að VoR teymi velferðarsviðs sem og að vetraropnun neyðarskýla. Skilgreina þarf þá þjónustu sem teymið gæti mögulega veitt og/eða óskað er eftir. Í viðræðum verður unnið á grundvelli bókunnar fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Flokks fólksins frá fundi velferðarráðs 18. október 2023 en eftirfarandi var fært til bókar:

Velferðarráð fagnar beiðni Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um aðkomu að rekstri VoR-teymis enda mikilvægt að þjónusta við heimilislausa á höfuðborgarsvæðinu sé samræmd. Eðlilegt er þó að kostnaðarskiptingu við rekstur VoR-teymisins sé skipt á milli sveitarfélaga í samræmi við íbúahlutfall eins og að jafnaði er gert í samvinnuverkefnum SSH. Þá er áréttað að mikilvægt er að kostnaður endurspegli raunkostnað við þjónustu í málaflokknum.